

102. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.
Haldinn í Bergi 31. maí 2021. Fundur hófst kl. 18:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Gunnþór E. Gunnþórsson og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur 2020.** Farið yfir ársreikninginn. Björk og Frey falið að skoða ásamt bókara og endurskoðendum athugasemdir sem fram komu á fundinum. Ósk stjórnar er að búnaðarkaup sem gerð voru fyrri hluta árs 2020 verði eignfærð og afskrifuð á eigi skemmri tíma en 5 árum. Einnig þarf að gera launaliðinn samanburðarhæfari milli ára eftir þær breytingar sem gerðar voru á starfi framkvæmdastjóra og ræstingu.
2. **Starfsáætlun 2021.** Björk lagði fram drög að áætluninni til kynningar.
3. **Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2020.** Formaðurinn gerði grein fyrir henni og mun senda hana fullbúna á aðra í stjórn fyrir aðalfundinn sem frestað var um eina viku og verður haldinn fimmtudaginn 3. Júní kl 14:00.
4. **Önnur mál.**
 - a) **Gluggaþvottur.** Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að leita eftir tilboðum í gluggaþvott.
 - b) **Útihúsgögn.** Húsgögnin eru farin að láta á sjá og huga þarf að endurbótum eða endurnýjun á þeim.
 - c) **Búnaður.** Þörf er á að húsið eignist súpupott. Ákvörðun um kaup slegið á frest.
 - d) **Bréf frá Ingimar Sigurðssyni** sem býður Menningarhúsinu Bergi mynd af Svarfaðardal eftir Jósep Kristjánsson að gjöf með þeim skilyrðum að hún verði látin hanga uppi í húsinu. Stjórnin sér sér ekki fært að þiggja gjöfina með þeim kvöðum sem henni fylgja. Björk falið að svara bréfitara.

Fundi slitið kl. 19:25.